

Aðalfundur íþróttafélagsins Vestra fyrir árið 2022

Haldinn mánudaginn 24. apríl 2023 í Vallarhúsinu á Torfnesi og hófst kl. 20.00. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.

1. Fundarsetning. Guðfinna Hreiðarsdóttir, formaður, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara: Guðfinna lagði til að Hjalti Karlsson yrði kjörinn fundarstjóri og Hlynur Reynisson fundarritari. Það var samþykkt. Hjalti tók við fundarstjórn og sagðist telja að löglega hefði verið boðað til fundarins og bar undir fundargesti hvort gerð væri athugasemd við boðun fundarins en fundurinn var boðaður á heimasíðu Vestra, www.vestri.is og facebook-síðum félagsins.

3. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram. Fundargerð síðasta aðalfundar er að finna á heimasíðu félagsins, www.vestri.is. Engar fyrirspurnir eða athugasemdir.

4. Formaður félagsins gerir grein fyrir starfsemi aðalstjórnar á starfsárinu 2022:

STARFSSKÝRSLA FORMANNS AÐALSTJÓRNAR VESTRA 2022

KÆRA VESTRAFÓLK

Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn 25. apríl 2022. Á þeim fundi urðu þær breytingar á stjórn að Sólrún Geirsdóttir hætti en í hennar stað kom Heba Dís Þrastardóttir. Þorsteinn Þráinsson gaf ekki kost á sér áfram sem varamaður og í hans stað kom Heiðrún Tryggvadóttir. Aðrir stjórnarmenn eru Guðfinna Hreiðarsdóttir formaður, Hjalti Karlsson, Jóna Lind Kristjánsdóttir, Hlynur Reynisson, Gísli Jón Hjaltason og Jónas Gunnlaugsson til vara. Aðalstjórn fundaði fimm sinnum á árinu en regluleg samskipti hafa auk þess verið á facebook-síðu aðalstjórnar. Á facebook er einnig síðan Vestri-Samráðsvettvangur sem stjórnar- og trúnaðarmenn deilda félagsins hafa aðgang að. Þar eru sett inn erindi sem berast frá HSV, ÍSÍ og fleiri aðilum. Í þessari starfsskýrslu verður einungis tæpt á helstu viðfangsefnum aðalstjórnar og vísast að öðru leyti í fundargerðir á heimasíðu félagsins.

STARFSEMI FÉLAGSINS

Í síðustu starfsskýrslum fyrir félagið, þ.e. fyrir árið 2020 og 2021, var Covid-19 faraldurinn fyrirferðamikill þar sem sóttvarenaðgerðir vegna hans höfðu mikil áhrif á alla starfsemi félagsins. Þessi tími er hins vegar að baki og starf félagsins með eðlilegum hætti árið 2022. Gróska hefur verið í öllum deildum innan félagsins og víða náðist góður árangur í keppnum á landsvísu. Vestri átti nokkurn fjölda iðkenda í yngri landsliðum og úrtakshópum, sem er alltaf góður mælikvarði gæði þess starfs sem deildirnar bjóða upp á. Íslandsmeistaratitill skilaði sér í hús þegar U16 piltar í blaki urðu Íslandsmeistarar í sínum flokki, áður voru þeir búnir að tryggja sér bikarmeistaratitilinn og voru því tvöfaldir meistarar. Meistaraflokkar karla í blaki og körfu léku í úrvalsdeild fyrri hluta ársins og meistaraflokkur karla í fótbolta í 1. deild, Lengjudeildinni. Óháð árangri þá verður það að teljast afrek ná því að vera með þrjú lið í efstu deildum þegar horft er til þess við hvaða aðstæður við búum. Íþróttalið héðan eru í þeim hópi sem þurfa að ferðast hvað lengst til keppni, í alls konar veðri og færð með tilheyrandi kostnaði. Þetta tækjum við með æðruleysi og botnlausri sjálfböðavinnu en svo er hitt, að við tilheyrum litlu samfélagi á landsbyggðinni sem hefur ströglað við að vera samkeppnishæft við önnur svæði á landinu og ekki haft getu til að fara í nauðsynlega uppbyggingu íþróttamannvirkja með þeim afleiðingum að sumar íþróttagreinar glíma við aðstöðuleysi sem hefur hamlandi áhrif á starfsemi þeirra og möguleika til vaxtar. Um starfsemi deilda félagsins er að öðru leyti vísað í starfsskýrslur þeirra fyrir árið 2022.

REKSTUR OG FJÁRHAGUR

Eftir nokkra skuldasöfnun deilda í tengslum við húsaleigumálið svokallaða er ánægjulegt að segja frá því að innan deildanna voru þessi mál tekin föstum tókum og eru þær allar á tiltölulega góðu róli og

meirihlutinn réttu megin við núllið skv. ársreikningum fyrir árið 2022. Aðalstjórn er hins vegar rekin með smá tapi og helsta skýringin sú að síðasta sumar var tekin ákvörðun um að kaupa aðgang að Sportabler fyrir allar deildir félagsins eftir nokkurra ára umræðu og óskir um slíkt. Aðalstjórn hefur aðeins tvo tekjupósta, annars vegar tekjur af félagsgjöldum og hins vegar af getraunaleik Vestra. Hafa þessir peningar verið nýttir til að greiða sameiginlegan kostnað alls félagsins þar sem stærsti einstaki útgjaldaliðurinn er bókhald og ársreikningagerð en einnig má nefna kostnað vegna vefsíðu félagsins. Hingað til hafa tekjur aðalstjórnar staðið undir sameiginlegum kostnaði en þær hafa því miður dregist saman á meðan sameiginlegur kostnaður hefur aukist. Gæti svo farið að að nýta þurfi hluta lottótekna til að standa straum af kostnaði við Sportabler.

Í aðdraganda þessa aðalfundar og við skil á starfsskýrslu félagsins til ÍSÍ og HSV kom í ljós að tvær deildir hafa ekki nýtt sér Sportabler í vetur og olli það gjaldkera aðalstjórnar vandræðum við skil á starfsskýrslu félagsins þar sem hann hafði ekki við hendina upplýsingar um fjölda iðkenda hjá viðkomandi deildum. Þessu tengt má rifja upp að í fyrra tilkynnti ÍSÍ að notkun á Felix yrði hætt og framvegis ættu íþróttafélögin að skrá iðkendur og upplýsingar um stjórnir félaganna inn í Sportabler. Mikilvægt er að allir séu meðvitaðir um þetta fyrirkomulag og gæti þess að þessar upplýsingar séu færðar inn í Sportabler og uppfærðar reglulega. Það er horft til þessara upplýsinga í ýmsum ákvarðanatökum, ekki síst við úthlutun lottótekna. Þeir sem ekki eru komnir inn í Sportabler þurfa að drífa í því, þetta er ekki flókið og lítið mál að fá aðstoð hjá þeim sem þegar nota forritið.

ÍÞRÓTTAMANNVIRKI

Hjólafólkið hafði að venju í nógu að snúast á síðasta ári og mikil vinna var lögð í að gerð nýrra fjallahjólaleiða og að bæta þær sem fyrir eru. Þann 11. september var svo ný hjólabraut eða pumpubraut vígð í Hjólagarði Vestra við gömlu steiniðjuna á Grænararði að viðstöddu miklu fjölmenni. Brautin er þannig gerð að unnt er að fara hana með því að nýta sér hólana til þess að ná ferð og komast áfram án þess að stíga hjólið.

Bygging fjölnota knatthúss á Torfnesi hefur verið fastur liður í skýrslu aðalstjórnar frá upphafi og alltaf höfum við lifað í voninni um að húsið yrði brátt að veruleika. Knattspyrnudeild Vestra er stærsta deild félagsins með flesta iðkendur en býr við lélegustu aðstöðuna. Forráðamenn deildarinnar hafa lengi bent á það aðstöðuleysi sem deildin býr við og sýnt þrautseigju og þolinmæði en það eru takmörk fyrir öllu og þegar endalaust er hjakkað í sama farinu og ekkert miðar áfram þá er hætt við að fólk gefist upp. Fátt bendir til þess að knatthús rísi á Torfnesi í náinni framtíð en jákvæðu fréttirnar eru að bæjaryfirvöld hafa tekið ákvörðun um að sett verði nýtt gervigras á aðalvöllinn og æfingavöllinn. Inni í þeirri framkvæmd verður jarðvinna og viðgerðir á drenlögnum á æfingavelli, nýtt Fifa Quality gras ásamt staðsteyptum gúmmípúða og REPDM innfyllingu. Að auki er gert ráð fyrir hönnun á undirstöðum og lagnaleiðum fyrir ljósamöstur við aðalvöll. Framkvæmdin verður boðin út fljótlega og vonandi að ekkert verði til að tefja hana.

Þessu tengt er rétt að nefna að lítið hefur fréttst af vinnu við gerð skipulags fyrir Torfnes en haustið 2020 skipaði Ísafjarðarbær sérstaka nefnd sem fékk það hlutverk að skoða framtíðarskipulag fyrir Torfnessvæðið. Þetta er mikilvægt mál fyrir íþróttahreyfinguna þar sem ljóst er að uppbygging íþróttamannvirkja til framtíðar mun taka mið af því skipulagi sem þarna verður. Er vonandi að málið verði tekið upp að nýju og afgreitt án frekari tafa.

VALLARHÚSIÐ

Efri hæðin í Vallarhúsinu á Torfnesi er eitt þeirra verkefna sem íþróttafélagið Vestri hefur haft á sinni könnu síðustu ár og þjónar nú sem félagsaðstaða fyrir Vestra. Salurinn þar er talsvert notaður fyrir fundi og aðra viðburði af öllum deildum. Vonandi mun félagið fyrr en síðar hafa bolmagn til að halda áfram með framkvæmdir þarna enda yrði það stórkostlega til bóta að fá salernisaðstöðu og eldhús. Knattspyrnudeildin hefur haft umsjón með húsnæðinu og Tinna Hrund Hlynsdóttir borið þungann af þeirri vinnu. Svona fín félagsaðstaða eflir félagsandann og færi ég Tinnu og hennar fólki sérstakar þakkir fyrir gott utanumhald sem við öll njótum góðs af.

Aðstaðan á neðri hæðinni er ekki eins fín en þar eru búningasklefar og salerni fyrir fótboltavellina. Þetta eru íþróttamannvirki sem tilheyra sveitarfélaginu og lágmarkskrafa að þarna sé þrifið reglulega, þ.e. á þeim tíma sem þriffin eru utan verkefnasamnings Vestra. Sömuleiðis ætti eðlilegt viðhald húsnæðisins líka að vera sjálfsagt.

FÉLAGSGJÖLD OG GETRAUNALEIKUR

Félagsgjöld hafa verið innheimt síðustu tvö ár og skiluðu 422 þ.kr. árið 2022 sem er minna en fyrra ár þegar þau voru 646 þ.kr. Tekjur af getraunaleik Vestra drógust einnig saman um 500 þ.kr. og er það miður þar sem þær hafa verið nýttar til að standa straum af ýmsum sameiginlegum kostnaði, eins og áður hefur komið fram. Við hvetjum því alla til að taka þátt í getraunaleiknum og auglýsa hann sem víðast. Ég vil nota tækifærið og þakka Guðna Guðnasyni gjaldkera fyrir utnumhald með getraunaleiknum sem hann hefur verið vakinn og sofinn yfir frá því að leikurinn fór af stað í nóvember 2016.

JÖFN TÆKIFÆRI KYNJANNA

Innan aðalstjórnar Vestra hefur verið umræða um stöðu kynjanna þegar kemur að þátttöku í íþróttum. Við val á Íþróttamanni Ísafjarðarbæjar núna síðast var aðeins ein stúlka tilnefnd af þeim 13 einstaklingum sem tilnefndir voru af aðildarfélögum HSV. Í kjölfarið ákvað íþrótt- og tómstundanefnd Ísafjarðarbæjar að endurskoða reglur um val á íþróttamanni ársins og lagði til að þeim yrði breytt þannig að hvert félag tilnefnir einn íþróttamann úr hverjum kynjaflokki og sömuleiðis skulu félögin tilnefna efnilegasta íþróttamanninn úr hverjum kynjaflokki. Aðalstjórn er þeirrar skoðunar að það sé úrelt hugsun að tilnefna tvö kyn í ljósi þess að einstaklingar geta í dag skilgreint sig undir fleiri kynjum. Þar fyrir utan liggur vandinn ekki í tilnefningum heldur í starfinu sjálfu þar sem vantar upp á að kynin hafi jöfn tækifæri til að ná árangri. Kynjahalli í tilnefningum speglar einfaldlega stöðuna í íþróttastarfinu innan sveitarfélagsins. Strákar eiga meiri möguleika á að spila með meistaraflokkum heldur en stelpur. Oftast eiga þær ekki annarra kosta vöð en flytja burt til að geta haldið áfram að stunda sína íþrótt þegar ákveðnum aldri er náð. Þetta hefur ýmis margfeldisáhrif, m.a. að þessi aldurflokkur er ekki á svæðinu og því ekki hægt að tilnefna úr honum. Að sama skapi hafa yngri stelpur ekki fyrirmyndir í eldri hópnum og erfiðara fyrir þær að setja sér markmið um frekari árangur þegar ekkert tekur við eftir yngri flokka. Aðalstjórn telur að það að breyta reglum til að laga kynjahalla breyti engu, frekar eigi að fylgja eftir þeim stefnum sveitarfélagsins sem kveða á um jöfn tækifæri kynjanna og tryggja að svo sé í reynd.

AÐ LOKUM

Íþróttafélagið Vestri var stofnað í 16. janúar 2016 og fyrstu árin voru verkefni aðalstjórnar fyrst og fremst falin í því að leysa ýmis praktísk mál, s.s. að ákveða nafn, merki og búninga fyrir félagið. Í dag er starfið komið í nokkuð fastar skorðir, deildirnar eru hver að sinna sínu án mikillar aðkomu aðalstjórnar þó að alltaf komi eitt og eitt mál inn á borð hennar. Því miður var ein deildin nánast andvana fædd í upphafi og það var sunddeildin. Við höfum velt örlögum hennar fyrir okkur og fáum ekki séð að hún verði endurvakin, a.m.k. ekki við núverandi aðstæður. Mögulega gæti þetta breyst ef byggð yrði ný sundlaug á Ísafirði en engar fyrirætlanir eru um slíkt. Þeir sem vilja æfa sund geta gert það í Bolungarvík þar sem er starfandi sunddeild á vegum UMF. Á einhverjum tímapunkti munum við þurfa að taka ákvörðun um framtíð sunddeildarinnar. Á móti kemur að ein deild hefur bæst við á þessari vegferð, hjólríðadeildin. Þá hefur áhugafólk um lyftingar verið í sambandi við aðalstjórn og kannað möguleikana á því að stofna lyftingadeild innan félagsins. Við höfum tekið jákvætt í erindið og bara frábært að fá þennan hóp inn í félagið, ef það verður niðurstaðan. Þeim mun stærra sem félagið er, þeim mun öflugra er það.

Á formannafundum Vestra og aðalfundum deilda hef ég sem formaður stundum rætt um Vestrahjartað og mikilvægi þess að standa saman og koma fram sem heild, óháð því hvaða deild við tilheyrum. Vestri er ungt félag og ekki svo langt síðan deildirnar voru sjálfstæð félög sem voru jafnvel í harðri samkeppni við hverja aðra, t.d. um peninga og iðkendur. Þessi samkeppni er auðvitað enn til staðar í einhverri mynd en við erum þó öll að vinna fyrir sama félag, fyrir Vestra. Velgengi eins er velgengni okkar allra og við gleðjumst yfir góðum árangri Vestrafólks óháð því hvaða íþróttgrein um ræðir. Ég verð alltaf dálítið glöð í hjarta mínu þegar ég rekst á börn á förnum vegi í fötum merktum Vestra, hvort sem það er í Hamraborg, Nettó, á skólalóðinni eða Torfnesi. Vestri ekki bara íþróttafélag, Vestri er líka sameiningartákn og undir

merkjum félagsins sameinumst við öll óháð aldri, kyni, kynþætti, búsetu, trúarbrögðum og pólitískum skoðunum. Þessu fylgir ábyrgð og við þurfum öll að gæta þess að nafni og merki félagsins sé ávallt sómi sýndur og forðast allt það sem getur varpað skugga á okkar góða félag. Verið dugleg að miðla fréttum af því frábæra starfi sem þið eru að vinna í nafni Vestra, bæði á samfélagsmiðlum og vefsíðu félagsins.

Að endingu færi ég samstarfsfólki mínu í aðalstjórn fyrir góð samskipti og störf á árinu, en sérstaklega vil ég þakka því stjórnarfélagi sem nú hverfur á braut fyrir þeirra störf í þágu félagsins. Einnig vil ég fyrir hönd aðalstjórnar Vestra þakka stjórnarmönnum deilda og öðrum þeim sem koma að starfi Vestra með einum eða öðrum hætti. Takk fyrir ykkar framlag í þágu Vestra, það er ómetanlegt.

Áfram Vestri!

5. Lagður fram endurskoðaður ársreikningur félagsins. Guðni Guðnason gjaldkeri Vestra, lagði fram endurskoðaðann ársreikning sem samþykktur hefur verið af skoðunarmönnum félagsins. Hann fór yfir helstu lykiltölur í rekstri félagsins og tók þar sérstaklega fyrir bókhald aðalstjórnar. Reikningarnir liggja frammi á heimasíðu félagsins. Að lokinni yfirferð gjaldkera opnaði fundarstjóri fyrir umræður um ársreikninginn og bar síðan upp til atkvæðagreiðslu skýrslu formanns og ársreikning og var hvort um sig samþykkt samhljóða.

6. Ákvörðun félagsgjalds. Guðni Guðnason, gjaldkeri félagsins, sagði að félagsgjaldið hefði síðast verið 2.000 krónur og spurning hvort það ætti að vera óbreytt eða hvort ástæða væri til að hækka það, t.d. í ljósi þess að rekstur aðalstjórnar var neikvæður á síðasta ári. Nokkrar umræður urðu um málið og bent á að þeim hefði fækkað nokkuð sem greiddu gjaldið á síðast ári. Spurning hvort þeim mundi fækka enn frekar ef það yrði hækkað. Rætt um að kynna þyrfti betur hvað þetta gjald stæði fyrir og mögulega mæti nýta Sportabler til þess og eins til að auglýsa boðaða fundi. Fram kom tillaga um að hækka gjaldið í 2500 kr. og var hún samþykkt einróma.

7. Fjárhagsáætlun lögð fram til samþykktar. Fundarstjóri gaf Guðna Guðnasyni gjaldkera orðið. Hann fór yfir helstu tölur í fjárhagsáætlun þessa árs og fundarstjóri opnaði síðan fyrir umræður. Tillagan borin upp til atkvæða og samþykkt.

8. Lagabreytingar. Fundarstjóri upplýsti að engar tillögur um lagabreytingar hafi borist fyrir aðalfund.

9. Kosningar

a. Kosinn formaður. Tillaga: Guðfinna Hreiðarsdóttir. Samþykkt með lófataki.

b. Kosnir þrír stjórnarmenn til tveggja ára. Hjalti Karlsson, Hlynur Reynisson og Jóna Lind Kristjánsdóttir eru núna að ljúka tveggja ára kjörtímabili. Hjalti og Jóna Lind gefa ekki kost á sér áfram. Tillaga um þóru Marý Arnórsdóttur og Heiðrúnu Tryggvadóttur í þeirra stað. Fyrir eru í stjórn Guðni Guðnason, Gísli Jón Hjaltason og Heba Dís Þrastardóttir sem voru kjörin á síðasta aðalfundi til tveggja ára. Engar aðrar tillögur bornar fram, samþykkt með lófataki.

c. Kosnir tveir varamenn til eins árs. Tillögur: Sigurður A. Jónsson og Marzellíus Sveinbjörnsson. Samþykkt með lófataki.

d. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara. Tillögur: Ásdís Birna Pálsdóttir, Sigrún Sigvaldadóttir og Gísli Úlfarsson til vara. Samþykkt með lófataki.

10. Önnur mál

Formaður minnti á HSV þingið sem haldið verður þann 24. maí og mikilvægi þess að íþróttafélagið Vestri fullmanni alla sína fulltrúa á þinginu.

Jón Hálfván Pétursson spurði hvort aðalstjórn Vestra hefði beitt sér á einhvern hátt hvað varðar uppbyggingu aðstöðu á Torfnesi og hvort stjórnarsýsla sveitarfélagsins hefði leitað til aðalstjórnar varðandi þessi mál. Formaður svaraði því til að ekki hefði verið haft samband við aðalstjórn og þær upplýsingar sem hún hefði bærust aðallega frá knattspyrnudeildinni en ekki innan úr stjórnkerfi bæjarins. Aðalstjórn hefur ekki borist nein formleg beiðni um aðstoð við málið en það væri sjálfsagt væri hún upplýst um stöðu mála og þess óskað.

JHP stikklaði á stóru um þá uppbyggingu sem framundan er á Torfnesi og lagði áherslu á að veigamikil atriði vantar til að hámarka líftíma gervigrassins sem stendur til að leggja á vellina, t.d. vökvunarbúnað og betri umgjörð í kringum þá. Þá ræddi hann skort á þrifum á neðri hæð Vallarhússins og fyrirkomulag verkefnasamningsins á milli bæjarins og knattspyrnudeildarinnar.

Viðar Kristinsson spurði um aðgengi hjóladeildar að Sportabler og hvernig þeim málum væri háttað.

Guðný Stefanía Stefánsdóttir ræddi útboð Ísafjarðarbæjar vegna framkvæmda á fótboltavöllunum og ítrekaði að vanda þyrfti til verka þegar kæmi að frágangi.

Gísli Jón Hjaltason færði Hjalta Karlsyni þakkir fyrir hans störf í þágu Vestra en Hjalti, sem hefur setið í stjórn Vestra frá stofnun félagsins, hættir nú í stjórn. Hjalti kom að undirbúningsvinnunni fyrir stofnun félagsins og var fyrsti formaður þess. Lauk Gísli Jón máli sínum með því að leggja til að fundarmenn klöppuðu fyrir Hjalta og var það gert.

11. Fundarslit. Fundarritara var falið að ganga frá fundargerð og birta á heimasíðu. Fundarstjóri gaf þá nýkjörnum formanni, Guðfinnu Hreiðarsdóttur orðið og fól henni stjórn fundarins. Formaður þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum: Hjalta Karlssyni, Jónu Lind Kristjánsdóttur og Jónasi Gunnlaugssyni fyrir þeirra störf í þágu félagsins og færði þeim smá þakklætisvott fyrir hönd félagsmanna. Þá þakkaði Guðfinna fundarmönnum fyrir komuna, ágæta mætingu og góðar umræður. Að því búnu lýsti formaður því yfir að fundi væri slitið kl. 21.24.